

um skuldina. Með því það, eins og áður er sagt, er sannað í málinu, að hinn stefndi við uppboðið lýsti því yfir, að áfrýjandi yrði að ábyrgjast greiðslu andvirðis þeirra muna, er hann á uppboðinu kynni að verða hæstbjóðandi að, þá er áfrýjandi rjett krafinn um skuldina, og getur stefndi í engu tilliti hafa misst rjett sinn gagnvart áfrýjanda, þótt stefndi hafi áður — en forgefins — reynt til, að ná inn skuldinni hjá búi Jóns kaupmanns Jónssonar.

Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða gestarjettardóm, þó þannig, að málskostnaður falli niður. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist og eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi E. Egilsson á að greiða stefnda Jóni Breiðfjörð 410 kr. 70 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 12. júnímánaðar.

Nr. 12/1893:

Rjettvísinn
gegn

Guðmundi Björnssyni.

D ó m u r:

Með aukarjettardómi Mýra- og Borgarfjardarsýslu, uppkveðnum 8. febr. þ. á., var hinn ákærði Guðmund-

ur Björnsson á Steindórstöðum dæmdur til að sæta fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 50 daga fyrir brot gegn 177. gr. sbr. 174. gr. hegningarlaganna, og með hliðsjón af 38. og 22. gr. sömu laga; auk þess var hann dæmdur til að greiða allan kostnað málsins. Þessum dómi hefur verið áfrýjað til yfirjettarins af hálfu hins opinbera.

Það er í máli þessu með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum löglega sannað, að hann, sem er fæddur 5. febrúar 1876 og eigi hefur áður sætt hegningu fyrir nokkurn glæp, hafi tvívegis á síðastliðnu ári framið saurlífnaðarverk við stúlkubarn á 6. ári, Guðrúnu Erlendsdóttur, með þeim atvikum, sem nú skal greina: Í fyrra sumar var hinn ákærði vinnu- maður á Sturlu-Reykjum hjá Erlendi bónda þar, og var hann þá eitt sinn á engjaskætti að reida heim torf og var þá barn Erlendar Guðrún þar með honum; sat hún utan í torfbunkanum; þá fletti hann fötunum upp um barnið, tók getnaðarlim sinn út úr buxunum og bar hann að »genetalia» barnsins, án þess að það sje sannað, að hann hafi meira að gjört, þar sem hann ekki hefur viljað játa það og barnið ekkert getað borið um það. Í annað skiptið fór hann líkt með barnið; var það síðastliðinn aðfangadag jóla í fjárhúsi á Sturlu-Reykjum; hafði barnið fylgzt með honum út í húsið og lagzt í heyið þar; fletti hann þá fötunum upp um hana og lagðist ofan á hana í heyinu og snart getnaðarlim hennar með lim sínum, en meira tjáist hann ekki hafa aðgjört, enda kom faðir barnsins þá að honum.

Hinn ákærði hefur stöðuglega haldið því fram, að hann hafi engri nauðung beitt við barnið, og eigi hafi hann lokkað það til að vera með sjer, í því skyni að

fremja saurlífi með því, en að það hafi sjálfkrafa farið með honum, og verður eptir skýrslum málsins að leggja þennan framburð hans til grundvallar. Sömu- leiðis verður eptir skýrslum hins ákærða og öðrum at- vikum í málinu, að ganga út frá því, að hinn ákærði hafi eigi gjört frekara til þess að fremja saurlifnaðar- verkið, en þegar er fráskýrt, og sjerstaklega að holdlegt samræði hafi eigi átt sjer stað, sem og var lítt hugsan- legt eptir aldri barnsins, en hún var fædd 3. júní 1887. Eptir skýrslu hlutaðeigandi hjeraðslæknis, sem skoðaði barnið, hefur hún eigi sætt neinum skemmdum af meðferð þeirri, sem hún hefur orðið fyrir. Þessi af- brot hins ákærða hefur hjeraðsdómarinn rjettilega heim- fært undir ákvæðin í 177. gr. sbr. 174. gr. hegningar- laganna, og þykir refsingin fyrir þau hæfilega ákveðin með hliðsjón af 38. og 22. gr. 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Að því leyti það hefur komið fram undir rekstri málsins, að hinn ákærði hafi vorið 1889 stolið hjer um bil $\frac{1}{4}$ pundi af reyktóbaki frá Englendingi, og að hann ennfremur vorið 1890 hafi tekið með ófrjálsu blóðtöku- bíld, er Páll læknir Blöndal átti — skal þess getið, að mál hefur eigi verið höfðað gegn hinum ákærða út af þessu misferli.

Hinum ákærða ber að greiða allan kostnað, sem leitt hefur af málinu bæði í hjeræði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflytningslaun til sækjanda og verj- anda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í hjeræði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lög- mæt.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Guðmundur Björnsson á að sæta 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiða allan af máli þessu í hjerði og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmanns Páls Einarssonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 11/1893:

Rjettvísín

gegn

Bjarna Sveini Stefánssyni.

D ó m u r:

Með dómi aukarjettar Dalasýslu, uppkveðnum 12. júlímán. f. á., er hinn ákærði Bjarni Sveinn Stefánsson í Stóru-tungu dæmdur til að sæta fangelsishegningu við vatn og brauð í 5 daga fyrir brot gegn 250. gr. sbr. 249. gr. hinna almennu hegningarlaga, svo og til að greiða allan málskostnað. Þessum dómi er af hálfu rjettvísinnar áfrýjað til yfirdómsins.

Það er í máli þessu sannað með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum, að hann hafi haustið 1891 tekið lamb, sem þá var komið saman við Stóru- og Litlutungu-fjed í högunum í Stórutungu, markað það undir mark sitt og kastað eign sinni á það. Lamb-